

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson
þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðin að senda tölvupóst á vigfus@hafnarfjordur.is. Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3900 í nálægt 185 bekkjardeildum og kennarar eru yfir 400 í rúmlega 350 stöðugildum. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutunsskóli.
www.öldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefunnar
www.hjalli.is/bsk7610



Skólavefritið

5. ÁRGANGUR, 25. TBL.

27. MARS 2009

Skemmtilegt á barnakóramóti í Víðistaðakirkju

Árlegt Barnakóramót Hafnarfjarðar 2009 fór fram í Víðistaðakirkju laugardaginn 21. mars. Þar komu fram börn í barnakórum í Hafnarfirði sem æfðu og sungu saman og héldu loks tónleika fyrir gesti og gangandi. Börnin sem komu fram voru um 200.

Í ár var börnunum í fyrsta skipti skipt í tvo hópa sökum þess hve mikill fjöldi hefur verið að taka þátt í mótinu undanfarin ár. Því voru tveir tónleikarnir haldnir núna sem vöktu mikla lukku hjá gestum og stytta það jafnframt mótið hjá börnunum. Kórnir sem tóku þátt í mótinu í ár voru frá Áslandsskóla, Hvaleyrarskóla, Lækjarskóla, Öldutunsskóla og Hafnarfjarðarkirkju.

Umsjón með Barnakóramótinu höfðu tónmenntakennararnir Brynhildur Auðbjargardóttir og Ólöf Guðmundsdóttir og meðleikari á píanó var Hlöðver Smári Haraldsson. Það er Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar sem stóð fyrir kóramótinu.



Myndirnar eru frá Barnakóramótinu sl. laugardag. Þær eru frá fyrri hluta mótsins þegar yngri börnin voru að syngja.





FRÉTTIR

úr stjórn- kerfi

Hafnarfjarðar

**Fræðsluráð 23. mars
178. fundur:**

- Lagt fram bréf frá Heimili og skóla þar sem óskað er eftir tilnefningum til foreldra-verðlauna samtakanna árið 2009.
- Haraldur Haraldsson, skólastjóri Lækjarskóla, kynnti skólanámskrá skólans.
- Kynnt úttekt, viðhorfs-könnun meðal nemenda í fjórum grunnskólum Hafnarfjarðar, á mötuneytum skólanna og unnin var fyrir fræðslusviðið fyrir stuttu. Sömuleiðis kynntar úrbóta-áætlanir sömu skóla í ljósi niðurstaðna.
- Skóladagatöl grunnskólanna fyrir næsta skólaár voru samþykkt.



Úr Hvaleyrarskóla

Tilkynning vikunnar

Skólavefritið fer í páskafrí frá og með deginum í dag. Næsta blað kemur út föstudaginn 17. apríl.
Gleðilega páska.

**Næsta blað
Skólavefritsins er
væntanlegt föstudaginn
17. apríl 2009**

Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

» Jafnréttisstofa efnir til teikni- og ljóðsamkeppni meðal barna á mið- og elsta stigi grunnskóla í samstarfi við Eymundsson. Með keppninni vill Jafnréttisstofa vekja athygli á mikilvægi jafnra tækifæra stúlkna og drengja til að velja sér störf með tilliti til áhuga og hæfileika óháð kyni og stuðla að jafnréttisfræðslu. Skilafrestur verkefna í keppnina er til 11. maí nk. og skal skila á A-4 blaði. Bent er á heimasíðurnar www.jafnrettiiskolum.is og www.nams.is þar sem hægt er að fá upplýsingar um jafnréttismál fyrir grunnskólanemendur. Nánari upplýsingar um keppnina má fá hjá Bergljótu á Jafnréttisstofu (bergljot@jafnretti.is).

» Frá Námsgagnastofnun: Vegna flutninga Námsgagnastofnunar í Víkurhvarf 3 verða ekki afgreiddar pantanir frá 1.-6. apríl. Eftir sem áður er hægt að senda pantanir á vefnum á þessum dögum. Skrifstofur stofnunarinnar verða síðan lokaðar föstudaginn 3. apríl og mánudaginn 6. apríl.



Börn í Hvaleyrarskóla að flytja söng úr Kardemommubænum á samverustund yngsta stígs á sal.

Vefsíðugerð og vefjaumsýsla

Hugbúnaður til vefsíðugerðar og vefjaumsýslu er margs konar. Hér er aðeins vikið að broti hans og þá sem næst almennum tölvu-notendum og það frítt.

Í fyrsta lagi er þetta vefkerfi og vefgerðarforrit. Þar er að nefna fyrst forrit til vefsíðugerðar, [NVU](#) og [Kompozer](#), en ákveðið samstarf er milli þessara tveggja hugbúnaða. Um þessar mundir eru þó vefkerfi meira áberandi en forrit sem gera einstakar síður. Dæmi um slík vefkerfi er [Joomla](#) sem þegar er farið að nota

fyrir vefi grunnskólanna í Hafnarfirði.

Þá eru til fjöldi vefritþóra með margvíslega eiginlega, viðbætur og sniðmát. Þetta eru forrit eins [AptDiff](#), [HelpNDoc](#), [HTML-kit](#), [OpenLazlo](#), [PSPad](#) og [WordPress](#). Þá mætti einnig nefna RSS-ritþóra, s.s. [RSSowl](#) og [ListGarden](#).

Önnur forrit eru t.d. Java-ritþór [NetBeans Ide](#). [Tiltviewer](#) er myndaskoðari í þrívídd fyrir eigin myndir til að setja á eigin vefsíður. Þá er hugbúnaður til að fylgjast með notkun vefsíðna, t.d.

Fríhugbúnaður

[SmarterStats](#), [Net Monitor](#) og [Google Analytics](#). Loks er [TextFixer](#) vefþjónusta sem eyðir línu- og efnisgreinaskilum í texta sem oft er nauðsyn í vefsíðugerð.

Ritstjóri hefur ekki mikla þekkingu á öllum þeim möguleikum í vefsíðugerð sem hafa komið til með Web 2.0 byltíngunni. Þar er reyndar mest áberandi blogg-byltíngin sem mér hefur ekki fundist mjög frjó enn sem komið er. (Kannski mun það breytast þegar ég kem mér upp eigin bloggi). Víst eru möguleikarnir miklir.

VEFSLÓÐ: <http://www.skolathroun.is/?pageid=48>

Námskeiðahaldið í næstu viku

30. mars mánudagur:

- *Lestrarprófun – mat á raunfærni* í Lækjarskóla kl. 15-17.

Námskeiðahaldi lýkur fyrir páska.

Námskeiðamál



Nemendur í Engidalsskóla við verk sín.

VEFSLÓÐ: http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/stjornsysla/fraedslusvid/skolaskrifstofa/fraedslustarfsemi_skolaskrifstofu/